

## Kennsluáætlun við matarborðið – Ábyrgð.

Viðfangsefnið/reglan: **Snúa að borðinu.**

Til hvers ætlumst við af nemandanum? **Að barnið snúi fram og að borðinu.**

Af hverju er reglan mikilvæg: **Til þess að barnið geti einbeitt sér að því að borða, trúfli ekki börnin á næsta borði og geti tekið þátt í umræðum við borðið.**

Hvernig kennum við þessa hegðun?

- ♥ Með sýnikennslu: Kennarinn vekur athygli barnanna á öðrum börnum sem snúa að borðinu og hrósar þeim börnum sem sýna rétta hegðun.
- ♥ Með myndum: Með því að hafa mynd af reglunni á viðeigandi stað (við matarborðið) og minna á hana reglulega.

Listi yfir dæmi um rétta og ranga hegðun:

### **Rétt hegðun (+).**

1. Sigga var að borða og snéri að borðinu. Hún heyrði þegar kennarinn bað hana að fara niður í eldhús og ná í meiri mjólk. Það fannst Siggu svo gaman.
2. Lalli snéri að borðinu í matartímanum og kláraði matinn sinn. Hann var saddur og gat því leikið sér hress og kátur allan daginn.

### **Röng hegðun (-).**

1. Sigga var að borða og var alltaf að snúa sér við á stólnum. Hún heyrði ekki þegar kennarinn bað hana að ná í mjólk í eldhúsið, svo að Hlynur fékk að fara, því hann var að fylgjast með því sem kennarinn var að segja á meðan hann var að borða.
2. Lalli var alltaf að hlaupa frá borðinu í matartímanu og gat því ekki klárað matinn sinn. Hann var þreyttur og leiður allan daginn.

Gefum nemendunum færi á að æfa sig og fullkomna færni:

*Með sýnikennslu og æfa rétta hegðun.*